

Borgarstjórn
2. júní 2020

Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um að fallið verði frá götulokunum vegna sumargatna 2020, sbr. 3. lið fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 27. maí

Borgarstjórn samþykkir að fallið verði frá ákvörðunum um götulokanir: Sumargötur 2020 í miðbænum, sem samþykktar voru á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. maí sl. Einnig er lagt til að fá álit/umsögn frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, almannavörnum höfuðborgarsvæðisins og Neyðarlínunni um götulokanirnar og aðgengi neyðarbíla að svæðinu hvað varðar þá ákvörðun að loka Laugaveginum frá Frakkastíg að Lækjargötu.

Greinargerð:

Hið lokaða svæði er 100% stærra en árið 2019 og er því um mjög víðtækar og íþyngjandi aðgerðir að ræða. Gangi þessar áætlanir eftir er ljóst að aðgengi sjúkrabíla, slökkviliðsbíla og lögreglu verður mjög skert, því meirihlutinn boðar að fjölga eigi mjög útisvæðum fyrir utan veitingastaði á þann hátt að hægt verði að koma fyrir stólum, borðum, blómakerjum og bekkjum á göngugötunni sem til verður. Þessi tillaga snýst um að hægt verði að bjarga mannlífum þegar vá ber að, s.s. bruni, heilsufall, vopnuð rán á opnunartíma verslana- og veitingahúsa og líkamsárása.